


Ég get boðið öðrum að fylgja Jesú

*Þið, eins og Nefí, getið farið og gert það sem Drottinn hefur boðið.
(Sjá 1. Nefí 3:7.)*

Það eru margar leiðir fyrir ykkur til að bjóða öðrum að fylgja Jesú Kristi. Prófið eina eða tvær af hugmyndunum hér að neðan. Eða skrifið niður eigin hugmynd!

- Bjóðið einhverjum að fara með ykkur í kirkju.
- Þjónið einhverjum með vini.
- Bjóðið einhverjum á viðburð í kirkjunni.
- Horfið saman á kirkjumyndband.
- Föndrið „Kom, fylg mér verkefni“ með vini.



Þegar ég skírðist, bauð ég skólafélaga mínum sem fer ekki í okkar kirkju. Það var mjög gaman að hún kom með fjölskyldu sinni.

**Sofia D., 8 ára,
Alberta, Kanada**

Biðjið og skipuleggið hvernig þið munið bjóða öðrum að fylgja Jesú. Skrifið áætlun ykkar hér fyrir neðan.

Miðlið okkur því sem þið gerðuð! Skoðið baksíðuna til að sjá hvernig á að gera það.

